



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# CAROLINE SHAW PORTRETT

27. FEBRÚAR 2026  
ELDBORG HARPA

FÖSTUDAGSRÖÐ



# CAROLINE SHAW - PORTRETT

FÖSTUDAGRÖÐ

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 27. FEBRÚAR KL. 18:00

## SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

DANÍEL BJARNASON  
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

CAROLINE SHAW  
EINLEIKARI

KAMMERKÓRINN AURORA  
SIGRÍÐUR SOFFÍA HAFLÍÐADÓTTIR,  
KÓRSTJÓRI

## CAROLINE SHAW

Entr'acte (2011/2014)  
fyrir strengjasveit

## CAROLINE SHAW

in manus tuas (2009)  
fyrir einleiksvíólu

## CAROLINE SHAW

Its motion keeps (2013)  
fyrir kór og einleiksvíólu

## CAROLINE SHAW

Lo, fiðlukonsert (2015)

Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir og án hlés.

Tónleikarnir eru teknir upp af RÚV og verður þeim útvarpað og sjónvarpað síðar.

For information in English about  
tonight's programme, please visit  
the Iceland Symphony Orchestra  
website: [en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.  
Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins  
í lok tónverks.

---

# CAROLINE SHAW

## TÓNSKÁLD OG EINLEIKARI

Caroline Adelaide Shaw er bandarískt tónskáld, fiðluleikari og söngkona fædd árið 1982 í Greenville, Norður-Karólínu. Tónlistarhæfileikar hennar komu snemma í ljós og tveggja ára gömul byrjaði hún að læra á fiðlu eftir Suzuki aðferðinni hjá móður sinni. Hún hneigðist að sígildri tónlist og samdi á ellefta ári sín fyrstu verk í anda Mozarts og Brahms. Hún lauk meistaraþrófi í fiðluleik frá Yale-háskólanum árið 2007 og hóf tónsmíðanám í Princeton-háskólanum þremur árum síðar. Caroline Shaw flakkar á milli hlutverka, tegunda og miðla og reynir að ímynda sér hljóðheim sem aldrei hefur heyrst áður en hefur alltaf verið til. Hún vinnur gjarnan í samstarfi við aðra sem framleiðandi, tónskáld, fiðluleikari og söngkona. Shaw hefur hlotið Pulitzer-verðlaunin í tónlist, heiðursdoktorsgráðu frá Yale, fern Grammy-verðlaun og Thomas J. Watson-styrk.

Hún hefur samið og framleitt fyrir þekktu listamenn og hljómsveitir á öllum sviðum tónlistar, þar á meðal Rosalíu, Renée Fleming, Yo-Yo Ma, Tiler Peck, Nas, Kanye West og fílharmóníuhljómsveitirnar í New York og Los Angeles svo dæmi séu tekin. Á yfirstandandi tónleikaferðalögum kemur hún fram með Sö Percussion, Ringdown, Attacca Quartet, Roomful of Teeth, Graveyards & Gardens, Gabriel Kahane og Kamus Quartet. Uppáhaldslitur hennar er gulur og upphaldsilmurinn rósmarín.

---

# DANÍEL BJARNASON

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason hefur um árabíl átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands, bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann var staðarlistamaður á árunum 2015–18 og aðalgestastjórnandi árin 2019–21 en starfar nú með sveitinni sem „listamaður í samstarfi“ (Artist in Association). Tónsmíðar Daníels hafa vakið mikla athygli og margoft hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hafa verk hans verið flutt víða um heim í meðförum nafntogaðra hljómsveita á borð við fílharmóníusveitirnar í Los Angeles, New York og Helsinki, sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Tókyó, Berlín, San Francisco og London svo nokkur dæmi séu nefnd. Þá hefur tónlist hans verið gefin út hjá plötuútgáfunum Bedroom Community, Dacapo, Sono Luminus og Deutsche Grammophon. Daníel kom ásamt Caroline Shaw að gerð nýjustu plötu Rosalíu, LUX, sem kom út á síðasta ári og hlaut gríðarlega góðar móttökur um allan heim. Í dag, 27. febrúar, kemur út nýr diskur hjá Sono Luminus með verkum Daníels í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og stjórnar hann sjálfur flutningnum. Inniheldur diskurinn verkin *Fragile Hope*, *FEAST* og *Inferno*.

---

# KAMMERKÓRINN AURORA

Kórinn Aurora var stofnaður árið 1997 af Margréti J. Pálmadóttur. Haustið 2015 tók Sigríður Soffía Hafliðadóttir við stjórn kórsins og raddleiðbeinandi er Matthildur Guðrún Hafliðadóttir. Kórinn er starfrækur innan Kirkju- og samsöngsdeildar Söngskólans Domus vox. Starf Auroru einkennist af metnaðarfullri raddþjálfun og fjölbreyttum verkefnum. Samhliða kórstarfi gefst kórfélögum kostur á einsöngsnámi upp að framhaldsstigi. Flestir kórnemendur hafa nýtt sér það tækifæri og er söngur því orðinn stór þáttur í lífi þeirra. Kórinn tekur að sér ýmis samstarfsverkefni og hefur margoft tekið þátt í tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands og leikhúsuppfærslum í samstarfi við Borgarleikhúsið, nú síðast í söngleiknum *9 lff* (2020 – 2024). Vorið 2025 hlaut Aurora, ásamt Stúlnakór Reykjavíkur, tilnefningu á Sögur – verðlaunahátíð barnanna fyrir sýningu ársins (Tumi fer til tunglsins eftir Jóhann G. Jóhannsson) og leikara/barnahóp ársins (Kórinn í Tumi fer til tunglsins).

---

---

# CAROLINE SHAW - TÓNVERKIN

Um verk sitt *Entr'acte* segir höfundurinn: „*Entr'acte* var samið árið 2011 eftir að ég heyrði Brentano-kvartettinn spila strengjakvartett Haydns op. 77, nr. 2 - með hinni hægfara tilfinningaþrungnu brú frá F-dúr menúettsins yfir í Des-dúr tríósins. Uppbyggingin *Entr'acte* er vissulega eins og menúett og tríó, með stefjabrotum í þessu klassíska formi en fer aðeins lengra með það.“ Verkið var upphaflega samið fyrir strengjakvartett en hljómar nú í umritun höfundar fyrir strengjasveit. *Its motion keeps* er skrifað fyrir diskantkór (háar raddir) og einleiksvíólu. Verkið er samið undir áhrifum frá breska tónskáldinu Benjamin Britten en textinn er tekinn úr fyrsta erindi sálms frá 18. öld.

## Úr „On the swiftness of Time“

My days, my weeks, my months, my years  
Fly rapid as the whirling spheres,  
[Around the steady pole:]  
Time like a tide its motion keeps,  
Till I must launch through boundless deeps  
[where endless ages roll.]

Thomas Greene

## Úr „Um hvatleika tímans“

Dagar mínir, vikur, mánuðir og ár  
fljúga hratt eins og hvelin sem þýrlast  
[umhverfis stöðugt skautið:]  
Tíminn heldur stefnu áfram eins og flóðbylgja,  
þar til ég kasta mér út í takmarkalaus dýpi  
[þar sem endalausar aldir veltast áfram.]

Reynir Axelsson þýddi

„Tónverkið *In manus tuas* byggir á mótettu frá 16. öld eftir Thomas Tallis. Þó aðeins fáeinir bútar verksins endurspegli nákvæmar harmónískar breytingar í frumgerð Tallis, er hreyfingin (eða skortur á henni) ætluð til að fanga tilfinninguna af því að hlusta á mótettuna á einu augnabliki í hinu sérstaka og merkilega rými Christ Church í New Haven, Connecticut. *In manus tuas* var samið árið 2009 fyrir sellóleikarann Hannah Collins og hugsað fyrir veraldlega athöfn sem haldin var í dimmu, kertalýstu kirkjuskípi.“ Í flutningi kvöldsins leikur Caroline sellóhlutverkið á víólu. *Lo fyrir fiðlu og hljómsveit* var frumflutt þann 16. mars 2015 með tónskáldið sem einleikara ásamt Sinfóníuhljómsveitinni í Cincinnati. Í aðdraganda tónleikanna sagði Caroline Shaw meðal annars í viðtali: „Ég kalla þetta ekki konsert. Þetta er verk fyrir marga hljóðfæraleikara og ég ætla að spila á fiðlu.... Einleiksparturinn er bara lauslega skrifaður út, aðeins það nauðsynlegasta. Mörgu er haldið opnu og reyndar ætla ég stundum að spila með fyrstu fiðlunum eins og gert var á tímum Mozarts þar sem maður hafði möguleika á að spila tutti-hlutana. Veistu, ég hélt ekki að ég myndi nokkurn tímann semja fyrir hljómsveit. En ég er glöð að hafa fengið tækifærið.“ Líkt og í mörgum verkum hennar eru áhrif frá barokktímanum augljós í þessum magnaða konserti sem er hennar fyrsta hljómsveitarverk. Í því gætir einnig áhrifa frá tónmáli samlanda hennar og skáldbæðra frá síðustu öld sem ljær tónsmíðinni amerískt yfirbragð.

Sigurður Ingvi Snorrason

---

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

## 1. FÍÐLA

Una Sveinbjarnardóttir  
Rannveig Marta Sarc  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Joanna Bauer  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir Skelton  
Margrét Kristjánsdóttir  
Lin Wei  
Sigrún Harðardóttir  
Laura Liu  
Olga Björk Ólafsdóttir

## 2. FÍÐLA

Alexandra Woroniecka  
Gunnhildur Daðadóttir  
Emma Garðarsdóttir  
Justyna Bidler  
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Hekla Finnsdóttir

## VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Rita Þorfrís  
Sarah Buckley  
Þórhildur Magnúsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Svava Bernharðsdóttir  
Natalia Duarte

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir  
Urh Mrak  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Júlía Mogensen  
Guðný Jónasdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson

## BASSI

Stephen Tramontozzi  
T.C. Fitzgerald  
Richard Korn  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Hávarður Tryggvason  
Þórir Jóhannsson

## ÓBÓ

Julia Hantschel  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Clara Manaud  
Hrafn Marínó Thorarensen

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Jason Friedman

## TROMPET

Zach Silberschlag

## BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson  
Sigurður Þorbergsson

## BASSABÁSÚNA

David Bobroff

## SLAGVERK

Frank Aarnink  
Steef van Oosterhout  
Soraya Nayyar

## KAMMERKÓRINN AURORA

Auður Pálsdóttir  
Áslaug Lárusdóttir  
Ásta Sigríður Arnardóttir  
Ástrós Magna Vilmundardóttir  
Birta Rós Helgadóttir Hlíðdal  
Björg Birgisdóttir  
Dögg Magnúsdóttir  
Dorothea Olesen Halldórsdóttir  
Elín Katla Henrysdóttir  
Elísabet Thea Kristjánsdóttir  
Emma Dís Tómasdóttir  
Freyja Sóllilja Sverrisdóttir  
Halldóra Sólveig Einarsdóttir  
Hildur Iðunn Sverrisdóttir  
Hulda Guðbjörg Hannesdóttir  
Inga Lilja Ómarsdóttir  
Ísól Rut Reynisdóttir  
Jana Björg Þorvaldsdóttir  
Klara Sigurðardóttir  
Kristín Vílbergisdóttir  
Lára Debaruna Árnadóttir  
Laufey Erla Pétursdóttir  
María Sigríður Ágústsdóttir  
Marsibil Mogensen Bragadóttir  
Matthildur Guðrún Hafliðadóttir  
Ragnheiður Dóra H. Jónsdóttir  
Ragnheiður Hulda Ö. Dagsdóttir  
Sigrún Valdís Kristjánsdóttir  
Sigur Huldar Ellerup Geirs  
Sigurrós Arey Arnýjardóttir  
Sólrún Axelsdóttir  
Steinunn Kristín Valtýsdóttir  
Svanfríður Hlín Gunnarsdóttir  
Þóra Andrea Júlíusdóttir  
Þorbjörg Guðrún Kristófersdóttir  
Þórunn Stefánsdóttir

## AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

## FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson  
framkvæmdastjóri  
Valdís Þorkelsdóttir  
viðburða- og skipulagsstjóri  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
verkefnastjóri viðburða  
Hjördís Ástráðsdóttir  
fræðslustjóri  
Tryggvi M. Baldvinsson  
listrænn ráðgjafi  
Jökull Torfason  
verkefnastjóri dagskrárgerðar

Margrét Ragnarsdóttir  
markaðs- og kynningarstjóri  
Kristín Björg Björnsdóttir  
markaðsfulltrúi  
Dagrún Hálfðánardóttir  
mannauðsstjóri  
Svanhvít Hrólfsdóttir  
fjármálastjóri  
Tracy Bass  
nótnavörður  
Brynja Guðmundsdóttir  
aðstoðarnótnavörður  
Sigþór J. Guðmundsson  
verkefnastjóri sviðs-  
og tæknimála  
Björk Björgúlfssdóttir  
sviðsmaður

## STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson  
formaður stjórnar  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Margrét Pálmadóttir  
Emil Friðfinnsson  
Ragnar Jónasson

# MAGNÚS JÓHANN PORTRETT

FÖSTUDAGSRÖÐ



**22. MAÍ KL.18:000**  
**NORÐURLJÓS HARPA**

**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT**  
**ÍSLANDS**

**ROSS JAMIE COLLINS**  
**HLJÓMSVEITARSTJÓRI**

Magnús Jóhann Ragnarsson hefur skapað sér viðurkenningu sem óvenju fjölhæfur tónlistarmaður á flestum sviðum tónlistar; sem tónskáld, hljómborðsleikari og upptökustjóri.

Á þessum tónleikum flytur hann ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands eigin tónlist í fjölbreyttum hljómsveitarútsetningum þar sem hann leikur ekki eingöngu á píanó og hljómborð heldur einnig á hið dulmagnaða hljóðfæri Ondes Martenot. Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir, án hlés.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS**